

Rangárþing eystra  
b/t Guðmundur Úlfar Gíslason  
Hlíðarvegi 16  
860 Hvolsvöllur

Reykjavík 1. apríl 2019  
UST201903-188/A.B.  
10.04.03

**Efni: Lýsing – Deiliskipulag skóla- og íþróttasvæðis á Hvolsvelli – Rangárþing eystra**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa í Rangárþingi eystra er barst 19. mars sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu tillögu að deiliskipulagi fyrir skóla- og íþróttasvæðis á Hvolsvelli í Rangárþing eystra.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagstillagan nær til íþróttasvæðis Íþ-128 og skólasvæði S-109 samkvæmt gildandi aðalskipulagi sveitarfélagsins. Einnig kemur fram að markmið skipulagsins er að skilgreina lóðir fyrir íþróttu-, skóla- og leikskólastarfsemi.

Að mati Umhverfisstofnunar er í ofangreindri skipulagslysingu, gerð grein með skýrum hætti fyrir þeim þáttum sem þörf er á og í því umfangi sem tillagan gefur tilefni til.


Umhverfisstofnun telur að óbreyttu, að skipulagsáætlunin gefi ekki tilefni til frekari umsagnar stofnunarinnar í skipulagsferlinu, þar sem á skipulagssvæðinu eru ekki friðlýst svæði, svæði á náttúruminjaskrá eða svæði er njóta sérstakrar verndar skv. 61.gr laga um náttúruvernd nr. 60/2013.

Stofnunin bendir þó á að ef til þess kemur að veruleg frávik verða frá ofangreindri skipulagsáætlun, þá sérstaklega varðandi náttúruverndarsvæði þá gæti orðið tilefni til frekari umsagnar.



Axel Benediktsson  
Sérfræðingur

Virðingarfallst



Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur